
FORNLEIFASKRÁNING Í HVÍTÁRBYGGÐ, FLÓAHREPPI



BRYNJA ÁRNADÓTTIR OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1040-25141



*Á forsíðumynd eru Hvítargötur fremri ÁR-0621:002_01, horft er til norðausturs.
Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3436

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan 65 ha deiliskipulagssvæðis sem kallast Hvítárbyggð. Svæðið tilheyrði áður Hjálmholti í sveitarfélaginu Flóahreppi. Innan svæðis er fyrirhugað að reisa frístundarbyggð og leggja veg að henni. Átta fornleifar voru skráðar innan úttektarsvæðis og voru þær allar skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ein þeirra er hluti af minjaheild sem er nánast öll staðsett utan svæðis en allar voru þær engu að síður mældar upp. Tíu fornleifar voru því skráðar utan svæðis en þær eru ekki skilgreindar í hættu.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Hjálmholt, Hvítárbyggð.

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey within a 12-hectare assessment area at Hjálmholt in Hvítárbyggð. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of Morgunbirta ehf. As part of project planning for proposed plots with building rights and a road. A total of 8 archaeological sites were identified within the area, all of which are considered to be at high risk due to the planned construction. One of these sites is part of a larger archaeological complex most of which lies outside the project area; however, it was recorded to maintain the context of the site. Therefore, ten archaeological sites were recorded outside the development area, but are not considered to be at risk.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Hjálmholt, Hvítárbyggð.

Efnisyfirlit


1. Inngangur.....	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður.....	26
6. Heimildir	29
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	31
Viðauki II: Minjakort.....	32



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ

1. Inngangur

Í maí 2025 var unnin fornleifaskráning innan 65 ha deiliskipulagssvæðis í Hvítárbyggð, Flóahreppi. Svæðið tilheyrði áður lögbýlinu Hjálmholti í Hraungerðishreppi. Skráningin var gerð fyrir hönd Morgunbirtu ehf. en innan svæðisins er fyrirhuguð uppbygging



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er alls um 65 ha og afmarkast af blárri línu á myndinni. Innan þess eru átta fornleifar en tíu fornleifar eru utan þess að auki. Skýringarnar eiga við allar myndir sem birtast í skýrslunni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

frístundarlóða og vegagerð að lóðunum.

Úttektarsvæðið er í úthögum Hjálmholts og þar er mosagróið hraun sem kallast Merkurhraun. Hvítá rennur norðan þess og dregur fyrirhuguð frístundabyggð nafn sitt af henni. Svæðið er óraskað að mestu en rétt sunnar er grjótnáma sem starfrækt hefur verið frá árinu 2013 með tilheyrandi jarðraski.

Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa í Flóahreppi sem kom út í fjórum bindum á árunum 2010-2018. Hjálmholt var ein þeirra 19 jarða sem teknar voru út í þriðja og fjórða áfanga og kom sú skýrsla út árið 2014.¹ Þessi skráning byggir á grunni hennar. Í aðalskráningu er aðeins gengið á þekkta staði og þeir skráðir en svæði ekki þaulgengin líkt og gerð er krafa um vegna skipulagstengdra framkvæmdaverkefna. Á þessum tíma voru minjar ekki heldur mældar upp eins og Minjastofnun gerir nú kröfu um. Alls voru fjórar fornleifar þekktar innan deiliskipulagssvæðisins áður en vettvangsvinna fór fram.

Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur og Ragnheiði Gló Gylfadóttur fornleifafræðingum. Farið var á vettvang tvo daga hlýja og bjarta daga í maí og svæðið þaulgengið í leit að minjum. Samanlagt voru skráðar átta fornleifar innan marka úttekarsvæðisins og fjórar nýjar minjar bættust því við. Úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um mógrafirnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með hnitaskrá og minjakorti.

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Orri Vésteinsson, 2014

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF-175-009

Sveinshlaða


tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari fiersla í heimildaskrá

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-084:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem

skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektaarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-090:012).

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálft ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan

framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-076 Hjálmholt

Sögulegar heimildir

Jarðarinnar er getið í Árna sögu biskups: "Snorri hét maðr ok var Narfason ...Snorri hafði tekit með konu sinni land í Hjálmaholti ok annat land, er Mörk hét." Bisk. GJ, I, 375 og síðar: "...tók hann Ketil á Torfastöðum ok flutti með sér ofan í Hjálmaholt ok hét honum mörgum harðendum..." Bisk. GJ, I, 383.

Jarðarinnar er getið í dómi sex presta um vangoldna 'ískyldarsauði' af jörðinni til Skálholtsstaðar árið 1464, DI V, 425 og í vottun um ískyldarsauð úr Hjálmholti frá 1548. DI XI, 611.

Kirkjustaður:

HJÁLMOHOLT Í FLÓA (Á) -Jóni - HÁLFKIRKJA

1397: "[á kvikfé] slyk portio sem fallid hafði lagdist til kirkju vppgiordar. Takast heima aller lysetollar;" DI IV, 51.

{**1598:** hálfkirkja; AM 263 fol. Bl. 50} lögð niður um hrið

1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. JÁM II, 145-146.

"Hjálmholtz Hiáleiga [011], bygð skamt frá heimatúninu fyrir manna minni. ... Stertur, hjáleiga [012], hefur í eyði legið 20 ár eður lengur; var þar fyrir bygð um nokkur ár; menn muna óglögt hvað lengi." JÁM II, 146.

3.3.1752 og 13.4.1754: Kirkja í Oddgeirshólum flutt að Hjálmholti; PP, 78 [konungsbréf].

1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshóla kirkja var lögð af, Hraungerði beneficium og prestssetur framvegis, en Laugardælir stólsjörð. – Ölfusvatnsannáll IA IV, 372.

29.3.1805: Hjálmholtskirkja lögð niður og sóknin lögð til Hraungerðis; PP, 78 [konungsbréf].

1847: 24 hdr. Bændaeign. JJ, 57.

Laugar, 9 hdr jörð, hafi áður verið Hjálmholtskirkjueign. JJ, 57.

1981: "... Til hennar voru lagðar þrjár hjáleigur ... Og Hjálmholtskot, öðru nafni Vesturkot [ÁR-077] ... Enn sér til tófta þar sem talinn er hafa verið bærinn Mörk." SB II, 483.

Landkostir

Túnakort 1918: Tún 7,93 ha. girt með engjum. Ca. 90% slétt. Matjurtagarðar 12.55 arar.

"Fóðrast kunna viii kýr, iiiii úngneyti, xxx ær, xx lömb, v hestar. Hvað sem fleira er af nautum og sauðfje kaupir ábúandi fóður fyrir. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Skóg til kolgjörðar í almenníngi ut supra. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Hætt er kvikfje fyrir einum holgryfjulæk, sem kallast Merkurlækur, og verður oft mein að. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er þá langt og erfitt til að sækja í áðurnefndan Merkurlæk." JÁM II, 145-6.

ÁR-076:014 Aldingarðspúfa hleðsla vörslugarður

A 417633 N 386059

"Aldingarðspúfa. Há hundaþúfa skamt frá Hvítá, til móts við Borgir [019] í Merkurhrauni," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hleðslubrot er við Aldingarðspúfu, rúmum 2,5 km vestan við bæ 001 og rúmum 200 m norðaustan við Borgir 019. Um 5 m fyrir norðaustan hleðsluna er hundaþúfa, sem er hin eiginlega Aldingarðspúfa. Þormóður Ólafsson, heimildamaður, heyrði sagnir um að hleðslan væri varnargarður en líkt og nafnið ber með sér gæti það einnig verið af kálgarði, þó það sé afar ólíklegt miðað við fjarlægð frá bæ 001. Gróið hraun með hólum, lægðum og gjótum er á þessum slóðum. Hraunklettur koma víða uppúr sverði. Hleðslan er 3 m á lengd og 0,5 m á hæð. Hún er grjóthlaðin og sjást 3 umför í henni. Hleðslan afmarkar, eða lokar, um 12x5 m stórri



Hleðsla ÁR-076:014 árið 2010, horft til suðurs.

laut sem er fyrir norðan garðlagið en ekki sést til annarra mannvirkja í henni. Mögulegt er að lautin hafi verið aðhald eða rétt þar sem hliðar hennar eru nokkuð brattar. Austurveggur lautarinnar er 2 m hár og brattur. Hinir eru lægri og sést glitta í grjót í gegnum grasið. Það er líklega náttúrulegt og ekki hlaðið.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hraungerðishreppur, 7.

ÁR-076:037 Launfit heimild lögn

A 418839 N 386895


"Launfit. Vallendisfit í hraunkrikanum þar sem Hvítá beygir vestur með Hestfjalli (þar er laxalátur)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Laxalátrið var tæpa 4 km austan við bæ 001 og 1,2 km norðvestan við Skollaþúfu 047. Á þessum slóðum rennur Hvítá til vesturs en við suðurbakkann er rás og áin lygn þar. Litlar eyrar ganga til vesturs og austurs frá rásinni og mynda litla "skál." Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Hraungerðishreppur, 11.



Lögn ÁR-076:037, horft til norðausturs.



Mynd 4: Minjaheild ÁR-076:040 sýnd á korti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ



Mynd 5: Nærmynd af tóftum 01-07 og 10.



Tóft ÁR-076:040_01, horft til suðausturs.

"Maurk [sjá 023]. Forn eyðijörð, hefur í eyði legið framyfir allra þeirra minni, sem nú eru á lífi, eru menn ekki fullvissir um, hvert hún hafi þessari sveit [Villingaholtshrepppi] fylgt ellegar Skeiðum eður Hraungerðishrepp. Þykir þó líkast, ef hún skyldi þessum hrepp fylgja, að hér skyldi röð hennar falla milli Skálmholts [ÁR-001] og Skálmholtshrauns [ÁR-002]. Enginn veit hvörjir hér hafa kostir eður ókostir verið, en það ætla menn, að þrönglendi og ágangur nábúa hafi jörðina eyðilagð. Munnmæli almúgans segja því hafi valdið reimleiki," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708.

„Sagt er, að Merkurhraun hafi nafn af bæ, er þar hafi verið og heitið Mörk. Gera munnmælin

mikið úr landkostum þar. En sá er gallinn á, að enginn veit hvar þessi bær hefir verið. Líklega er það þó ekki tómur hugarburður, að bærinn hafi verið til. Að vísu má segja, að nafnið Merkurhraun komi af því, að hraunið hafi verið skógi vaxið. Og það hefir nú án efa verið. En orð Landn. „upp frá Mörk“ sýna, að Mörk hefir heitið sérstakur staður á hrauninu. Og þau miða, meira að segja, við hann sem alkunnan. Liggur þar næst að ætla, að það hafi einmitt verið bær. Um það, hvar sá bær hafi verið, getur leikið á tvennu. Niður með Merkurlaut, góðum kipp fyrir neðan Axarhól [sjá 016], hafa lengi verið beitarhús frá Hjálmholti og eru þar rústir miklar og sumar fornlegar. Þar halda margir að Mörk hafi verið, og þá hefði legið beint við að kenna Merkurlaut við þann bæ.“ segir í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska Fornleifafélags frá 1905.

"Mörk. Gamlar tættur, er talið hafa verið bær til forna. Nú alltaf nefnt Seltættur [...] Seltættur [...] Þar hafði Guðm. Þormóðsson sauðahús og selför eftir miðja nítjándu öld, þegar síðast var tvíbyli í Hjálmholti frá 1852-70. Tætturarnar liggja á hæðarrana við Merkurlaut, þar sem gamli vegurinn [ÁR-621:007] liggur suður yfir lautina," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þormóður Ólafsson taldi að Mörk væri á hraunhól við veg að malarnámu og er bærinn einnig sýndur á þeim slóðum á herforingjaráðskorti. Það bæjarstæði er í skrá þessari númer 023 en líklega er um sama stað og þennan að ræða og engar minjar þar sem hnit 023 var tekið. Selið/bylið er tæpa 3 km norðaustan við bæ 001 og um 950 m ASA við Borgir 019. Malarvegur að námu er um 130 m austur. Alls eru skráðar 10 fornleifar sem tilheyra þessari minjaheild á svæði sem er 460x120 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er útilokað að fleiri tóftir séu leynist á þessum slóðum, víða mótar fyrir beinum línunum í stórþýfðri hraunbrúninni og sléttum flötum. Allar þessar tóftir eru líklega ekki samtíða sé horft til ástands þeirra.

Tóftirnar eru í grónu hrauni, sunnarlega á gróinni hraunbrún. Hraunið er fremur gróið en víða eru lautir á milli hraunhóla og hryggja. Merkurlaut er sunnan og neðan við hraunbrúnina.

Beitarhúsatóft 01 er austarlega innan svæðisins og tilheyrir yngsta skeiði þeirra minja sem þarna eru. Hún er 16x8 m að stærð, snýr norður-suður og er af beitarhúsum með hlöðu að baki. Hólf 1 er sunnar. Það er 5x3 m að innanmáli og op er á suðurgafli. Veggirnir eru 0,6 m á hæð, grónir og eitt umfar grjóthleðslu er greinilegt. Það rétt sést glitta í hraungrýti í gegnum grasið. Hólfið er í aflíðandi halla til suðurs, niður hraunbrúnina. Hólf 2 er norðan við hólfi 1 og er af niðurgrafinni hlöðu. Grunnflötur hólfisins er 1 m dýpri en í hólfi 1. Hólfið er hringlaga og er um 3 m í þvermál. Það sést glitta í 3 umför af hraungrýtishleðslu í veggjum og eru þeir 1,4 m á hæð að innan en um 0,5 m að utan.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM II, 180; Ö-Hraungerðishreppur, 11-12; Brynjúlfur Jónsson, 1906, 29.

ÁR-076:040_02 tóft heystæði

A 418293 N 385239



Tóft 02 er rúmum 30 m vestan við tóft 01. Hún er 8x6,8 m að stærð og snýr norður-suður. Óljóst op er á suðurvegg en hrúnið hefur í innganginn. Veggir eru grónir, 0,6 m á hæð og víða glittir í grjóti. Líklega er um heystæði eða fjárskýli að ræða sé horft til lögunar og stærðar tóftarinnar. Tóftin tilheyrir líklega yngsta skeiði minja á svæðinu.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tóft ÁR-076:040_02, horft til austurs.

ÁR-076:040_03 tóft beitarhús

A 418277 N 385235

Beitarhúsatóft 03 er 5 m vestan við tóft 02. Hún er 18x8 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólfi. Hólf 1 er vestar og þar var fé geymt. Það er um 7x1,7 m að innanmáli og op er á því í suðvesturhorni. Veggirnir eru 1 m á hæð og alveg grónir. Hólf 2 er austar og er af niðurgrafinni hlöðu, gólfið er 0,4 m dýpra en á hólfi 1. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og víða glittir í hraungrýti án þess að skýrar hleðslur sjáist.

Langvarandi hættumat: engin hætta



Tóft ÁR-076:040_03, horft til austurs.

ÁR-076:040_04 tóft rétt



Tóft ÁR-076:040_04, horft til NNV.

A 418277 N 385257

Tóft 04 er um 13 m norðan við tóft 03 og er af fjárrétt sem líklega tilheyrði selinu/beitarhúsunum. Tóftin er stórþýfð, mosavaxin og ógreinileg á yfirborði. Hún er 18x15m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð, þýfðir og mosavaxnir. Ekki sést glitta í grjóti né inngang. Norður- og suðurhliðar eru verr varðveittar en hinar. Fast austan við tóftina er grasivaxin lág sem sker sig úr mosavöxnu hrauninu. Þar mótar óljóst fyrir vegg, líklega er það veggjahrun.

Langvarandi hættumat: engin hætta

ÁR-076:040_05 tóft heystæði



Tóft ÁR-076:040_05, horft til austurs.

A 418262 N 385256

Tóft 05 er á milli réttar 04 og seltóftar 06, uppi á sama hraunhól. Þrátt fyrir að lítið bil sé á milli þessara tófta eru þær ekki sambyggðar. Tóftin er 8x5,6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggir eru 0,2 m háir að innan meðan ytra byrði þeirra er um 0,3 m. Það glittir í staka steina en ekki er hægt að greina neinar hleðslur né sér móta fyrir opi á yfirborði. Djúp laut er sunnan við hrygginn og annar hraunhóll er þar sunnar. Tóftir 02, 03 og 07 eru á honum. Tóftir 04-06 virðast heldur eldri en hinar sé horft til ástands og gróðurfars.

Langvarandi hættumat: engin hætta

ÁR-076:040_06 tóft beitarhús

A 418256 N 385256

Tóft 06 er fast vestan við tóft 05 og er í aflíðandi halla niður hraunbrúnina til vesturs. Vestan hennar er gróið láglendi. Tóftin er 17x6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hún er flöng og grafinn inn í hraunbrúnina til austurs eða hlaðin í viki sem þarna var fyrir. Tóftin er algróin og op á miðjum vesturgafli. Ytra byrði veggja sést illa, það er 0,1-0,3 m á hæð. Að innan eru veggirnir 0,4 m og mikið gras vex þar. Ennfremur virðist mikið veggjahrun þar sem aflagar tóftina nokkuð.

Langvarandi hættumat: engin hætta



Tóft ÁR-076:040_06, horft til suðvesturs.

ÁR-076:040_07 hleðsla óþekkt

A 418288 N 385228



Hleðsla ÁR-076:040_07, horft til norðausturs.

Hleðsla 07 er sunnan við tóftir 02 og 03, framar á sömu hraunbrún. Tóftirnar eru ofar á sjálfri brúninni meðan þessi hleðsla stendur örlítið lægra. Ekki er ljóst hverju það sætir og gæti hleðslan tengst eldra skeiði minja á svæðinu. Hún er 9x4 m að stærð og líklega er um suðurvegg tóftar sem annars er horfin, mögulega þegar hinar tóftirnar voru byggðar. Ekki er ljóst hvað afmarkaði þetta mannvirki til norðurs en engin ummerki um vegg sjást á milli tófta 02 og 03. Hleðslan er 0,3 m á hæð og gróin.

Langvarandi hættumat: engin hætta

ÁR-076:040_08 tóft sel

A 418097 N 385290

Tóft 08 er um 140 m vestan við tóftir 01-07. Hún er í norðvesturhorni minjasvæðisins. Hér er tóftin túlkuð sem sel og líklega er hún eldri en tóftir 01, 02 og 03. Hún er byggð ofan á túngarði 09 að öllum líkindum enn hann sést bæði til austurs og vesturs frá henni. Fast norðan við tóftina er gróin lág og svo tekur mosavaxið hraun við. Tóftin er 16x10 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hún skiptist í tvö hólfi. Eystra hólfið er 8x1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekkert op sést þar inn á yfirborði. Að utan eru veggirnir 0,2-0,3 m en innra byrði þeirra sést betur, þar eru þeir 0,3 m og meira gras vex þar. Vestara hólfið er 5,5x1,7 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á suðurgafli. Veggir eru 2-2,5 m á breidd og vaxnir lyngi og mosa.

Langvarandi hættumat: engin hætta



Tóft ÁR-076:040_08, horft til vesturs.

ÁR-076:040_09 garðlag túngarður

A 418328 N 385382

Túngarður 09 sést afmarka norðurhlið minjasvæðisins. Alls var hægt að rekja garðinn á um 390 m löngum kafla þar sem hann hlykkjast austur-vestur, nærri hraunbrúninni. Túngarðurinn er horfinn til annarra átta að því virðist en ekki hefur verið gengið með skipulögðum hætti sunnan við þekktar minjar og ekki útilokað að frekari ummerki hans séu varðveitt. Túngarðurinn er best varðveittur til vesturs, undir hraunbrúninni en að austan fjarar hann út, uppi á brúninni. Við tóft 08 er túngarðurinn hlaðinn í grunnri lág fast sunnan við hraunbrúnina. Hann er 2-3 m á breidd og allt að 0,5 m á hæð þar. Hann er gróinn mosa, lyngi og grasi og lítil grænka til staðar. Túngarðurinn sveigir til norðurs, skammt austan við tóft 08 og myndar sveig þar í hrauninu uns hann hverfur um 50 m norðan við tóftir 04-06. Þarna er hann um 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Uppi á brúninni er hann rofinn og sést einna helst sem jarðvegsrof á köflum. Þó er hægt að rekja hann með góðu móti. Túngarðurinn er líklega grjóthlaðinn þar.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Túngarður ÁR-076:040_09, horft til austurs.

ÁR-076:040_10 hleðsla óþekkt

A 418359 N 385246

Til norðausturs frá tóft 01 má sjá gróna hleðslu. Mögulega er þetta hluti af túngarði 09 en ekki eru greinileg tengsl þar á milli. Hleðslan er 22x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er algróin grasi og mosa. Hún er illgreinileg til norðurs en til suðurs er brún sem er 0,2-0,3 m á hæð.

Langvarandi hættumat: engin hætta



Hleðsla ÁR-076:040_10, horft til vesturs.

ÁR-076:061 gata leið



Leið ÁR-076:061, horft til austurs.

A 418139 N 385443

Gata liggur frá krossgötum við Jónstóft 033, þvert í gegnum land Hjálms holts og að Árhrauni ÁR-250 í Skeiðahreppi. Vesturhluti leiðarinnar er í grónu mólendi en austurhluti liggur um gróið hraun. Gatan liggur til ANA frá Jónstóft 033, sveigir síðan til ASA, fer norðan við sel 040 og þvert gegnum Merkurhraun yfir í Skeiðahrepp. Hún er rúmlega 3,5 km löng, 1-2 m á breidd og hefur líklega verið rudd. Ekki er vitað hvenær það var gert. Að sögn Þormóðs Ólafssonar, heimildamanns, var vesturhluti leiðarinnar stikaður fyrir almenning fyrir einhverjum árum.

Langvarandi hættumat: engin hætta


Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-076:063 hleðsla fjárskýli



Fjárskýli ÁR-076:063, horft til norðausturs.

A 418760 N 386436



Mynd 6: Uppmæling af hleðslum ÁR-076:063.

Hlaðið aðhald er í Merkurhrauni, um 3,7 km norðaustan við bæ 001 og um 1,2 km norðaustan túngarðs 040_09.

Mosa- og grasigróið hraun, Merkurhraun. Náma er í hrauninu, suðvestan aðhaldsins. Aðhaldið er suðvestan náttúrulegs hraunhóls.

Hleðsla afmarkar um 5,5x5 m stóra laut sem snýr í norðaustur-suðvestur og myndar aðhald sunnan við hraunhól. Hleðslan sést til norðvesturs- og suðausturs en hraunhóllinn afmarkar aðhaldið til norðurs. Aðhaldið er opið til suðvesturs, og aflíðandi halli er þar niður. Hleðslan er útlöft, um 0,3 m á hæð og um 2 m á breidd. Suðausturhlutinn er ógreinilegri og nokkuð styttri en sá norðvestari. Það sjást ekki skýr grjótumför í hleðslunni en hún er án efa grjóthlaðin. Innan aðhaldsins er grasið aðeins grænna en nánasta umhverfi og bendir það til þess að þar hafi verið kindur og þær leitað skjóls áfram eftir að aðhaldið féll úr notkun. Þar að auki eru fjölmargir kindastígar um hraunið. Framan (sunnan) við aðhaldið er grasi gróin lögð sem hefur verið hentugt svæði til beitar.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-076:064 gata leið



Leið ÁR-076:064, horft til VSV.

A 417695 N 385944

Leið er í Merkurhrauni, um 2,4 km norðaustan við bæ 001 og um 130 m suðaustan hleðslu 014. Leiðin var tengivegur á milli bæjar 001 og Hvítárgatna fremri ÁR-621:002. Leiðin er vörðuð að hluta sunnan við Borgir 019 en ekki hefur verið leitað að þeim með skipulögðum hætti enn.

Leiðin liggur í gegnum mosa- og grasigróið hraun sunnan Hvítár.

Leiðin liggur norðaustur-suðvestur á milli leiða ÁR-621:002_01 og tófta 019. Hún sést á um 400 m löngum kafla en er þó nokkuð illgreinileg þar sem hún sameinast leið ÁR-621:002_01. Leiðin er um 0,5 m að breidd og mest um 0,6 m að dýpt. Á köflum er hún nokkuð niðurtroðin og þá um 1 m á breidd.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-076:065 gata leið



Leið ÁR-076:065, horft til suðvesturs.

A 417894 N 385881

Leið liggur um Merkurhraun, um 2,1 km norðaustan við bæ 001 og um 540m NNV túngarðs ÁR-076:040_09. Leiðin liggur í gegnum mosa- og grasigróið hraun sunnan Hvítár. Getur talað um námuna hér

Leiðin liggur í VSV-ANA og er fast sunnan tóftar 019 sem kallast Borgir. Hún var mæld upp á um 1,1 km kafla og var þar um 0,5 m á breidd og mest um 0,5 m á dýpt. Leiðin sést þó vel á loftmynd áfram um 825 m til suðvesturs að Jónstóft 033 þar sem hún sameinast leið 057. Óljóst er hvar ANA hluti hennar hefur endað en hann fjarar út rétt norðaustan við námu sem þarna er.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

"Annar alfaravegur ofan úr Hreppum og Skeiðum liggur úr áfangastað á Brúnastaðafllötum, fram hjá Litlureykjum [ÁR-082], út Sortann fyrir norðan Krók [ÁR-054]; en í minna lagi er hér gjört að vegabótum." segir í sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu. Í bókinni Jarðabók Skeiðahrepps er fjallað um fornar leiðir um Flóann. Þar segir: "Hvítárgötur fremri fram á ferjuna í Laugardælum [059:013] [...] Nánar lýst lágu göturnar á árbakkanum og er þar nú akfær braut. Göturnar víkja svo frá ánni þar sem Brúnastaðafllatir byrja. Þær lágu síðan neðan við Austurkot [ÁR-073] og yfir lönd Oddgeirshóla [ÁR-071] og Langholts [ÁR-068] ofan við veginn á milli bæjanna en sjást varla lengur. Þá muna núlifandi bændur eftir götunum vestan við bæinn Litla Ármót [ÁR-066] (um 200 metra) en þær eru komnar í tún. Göturnar sjást þó enn í engjum sunnar, og hafa síðan legið vestan við Laugardælavatn og ofan við bæinn í Laugardælum að ferjunni,". Hreggviður Hermannsson, ábúandi í Langholti, man eftir leið frá Langholtsbænum og efstu bæjunum í Hraungerðishreppi til suðurs að ferjunni yfir Ölfusá á Laugardælum 059:013 og áfram til Eyrarbakka. Það sést til leiðarinnar á nokkrum stöðum í þýfðum móa í landi Langholts. Leiðin sést víða í þýfðum móa og meðfram vegslóða sem liggur í Merkurhrauni fast sunnan Hvítár. Þetta voru hestagötur og er leiðin sýnd á korti í bók Jóns Eiríkssonar auk þess að sjást á herföngjaráðskorti frá 1908. Vel sést til leiðarinnar um 715 m suðaustan við Langholt 068:001 þar sem hún liggur VSV-ANA í átt að Oddgeirshólum ÁR-071. Þar eru göturnar 5-10 skorningar á um 10 m breiðu svæði. Skorningarnir eru um 0,2 m djúpir. Einnig sést til gatnanna tæpum 600 m sunnar. Þar sjást til þriggja skorninga og eru þeir um 0,2 m djúpir. Þar liggja göturnar norður-suður í átt að Laugardælum ÁR-059 og sjást þær á um 50 m kafla og hverfa síðan. Hreggviður Hermannsson sagði að göturnar hefðu verið hlaðnar upp á köflum og sést það á stöku stað. Göturnar sjást á köflum í þýfðum móanum allt að Grímsskjóli 069:012. Mögulega sést til leiðarinnar á loftmynd. Leiðin liggur til vesturs úr landi Langholtsþarts ÁR-070, hlykkjast yfir land Langholts og kemur til suðvesturs yfir land Hallanda ÁR-069.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SSÁ, 75; Jón Eiríksson: Jarðabók Skeiðahrepps, 560: Hkort 47 Skálholt SV



Leið ÁR-621:002_01, horft til norðausturs.

ÁR-621:002_02 Hvítárgötur fremri gata leið



Leið ÁR-621:002_02, horft til vesturs.

A 416983 N 386141

Leið liggur í þýfðu og mosagrónu hrauni sem nefnist Merkurhraun. Hún gengur frá leið ÁR-0621:002_01 við Seldalstóftir ÁR-076:046 og til austurs í um 570 metra en fjarar svo snögglega út og sést þá hvorki á vettvangi né á loftmynd. Því er ekki víst hvert leiðin hefur legið. Leiðin er 0,5 m á breidd og allt að 0,5 m á dýpt þar sem þýfið er mikið. Líklega er þetta hluti af Hvítárgötum fremri, eða einhver útgáfa þeirra.

Langvarandi hættumat: engin hætt

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu er til umfjöllunar fornleifaskráning innan 65 ha deiliskráningarreits sem kallast Hvítarbyggð, áður í landi Hjálmholts í Flóahreppi. Svæðið er rúmum 1,8 km norðaustan bæjarins í Hjálmholti og nær að merkjum Skeiðahrepps til austurs. Svæðið er því allt í úthögum og bera skráðar minjar því vitni. Innan deiliskráningarreitsins er hraun, Merkurhraun, en það er grasi- og mosavaxið og hraunklettur koma reglulega upp úr sverði. Lítið jarðrask er innan deiliskipulagssvæðis en grjótnáma er skammt sunnan þess.

Við vettvangsvinnu voru skráðar átta fornleifar innan svæðis: leiðir, hleðslur og túngarður. Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektaarsvæðis. Allar tilheyra þær jörðinni Hjálmholti en auki voru skráðar leiðir sem ná yfir meira en eina jörð (undir númerinu ÁR-621). Við úttektina voru fornleifar eingöngu skráðar ef þær eða helgunarsvæði þeirra var innan deiliskipulagsmarka. Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru því eingöngu raktar að hluta, innan áhrifasvæðis.

Tvær hleðslur voru skráðar og hafa þær annarsvegar þjónað tilgangi fjárskýlis og hins vegar varnargarðs eða aðhalds fyrir fé sem var beitt í Merkurhrauni. Aðhald [ÁR-076:063] er sunnan við hraunklett og má enn sjá óljóst móta fyrir veggjum niður hólinn. Hleðsla ÁR-076:014 er ennfremur í lág á milli hraunhóla og afmarkaði svæði til beitar.

Mikið leiðakerfi liggur um hraunið og alls eru fimm leiðir innan deiliskráningarreits. Hvítargötur fremri [ÁR-621:002_01] liggja meðfram bökkum Hvítar, fast við norðurhlið úttektaarsvæðisins. Þær eru hluti af alfaraleið sem fór í gegnum fjölmargar jarðir í Flóanum og er m.a. sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908. Tvær hinna leiðanna [ÁR-621:002_02] og [ÁR-076:064] liggja út frá Hvítargötunum, sú síðarnefnda að Borgum sem eru fjárhústóftir en óvíst er hvert hin hefur legið. Fjórða leiðin [ÁR-076:065] er aðeins innan Hjálmholts og virðist hafa legið fá beitarhúsunum Jónstóftum að Borgum og svo lengra norðaustur. Náma raskar norðausturhluta hennar og er því óljóst hvar hún hefur endað. Fimmta og seinasta leiðin [ÁR-076:061] liggur frá Jónstóftum til ASA og endar fast vestan námunar. Ljóst er að Merkurhraun var í alfaraleið, bæði af ábúendum Hjálmholts sem og öðrum í sýslunni.

Tíu fornleifar voru skráðar utan svæðis en hafðar hér með engu að síður. Meðal þeirra er lögn [ÁR-076:037] sem staðsett er um 30 m norðvestan úttektasvæðis en ekki

minja_id	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Varanlegt hættumat	Tímabundið hættumat
3436_1	ÁR-076:014	Aldingaröspúfa	hleðsla	vörslugarður	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
3436_2	ÁR-076:037	Launfit	heimild	lögn	ekki sést til fornleifar	engin hætta	engin hætta
3436_3	ÁR-076:040_1	Seltættur/Mörk	tóft	sel	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_4	ÁR-076:040_2		tóft	heygeymsla	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_5	ÁR-076:040_3		tóft	beitarhús	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_6	ÁR-076:040_4		tóft	rétt	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_7	ÁR-076:040_5		tóft	heygeymsla	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_8	ÁR-076:040_6		tóft	beitarhús	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_9	ÁR-076:040_7		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_10	ÁR-076:040_8		tóft	sel	hleðslur signar	engin hætta	engin hætta
3436_11	ÁR-076:040_9		garðlag	túngarður	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
3436_12	ÁR-076:040_10		hleðsla	óþekkt	hleðslur útflattar	engin hætta	engin hætta
3436_13	ÁR-076:061		gata	leið	sést til	engin hætta	mikil hætta
3436_14	ÁR-076:063		hleðsla	aðhald	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
3436_15	ÁR-076:064		gata	leið	sést til	engin hætta	mikil hætta
3436_16	ÁR-076:065		gata	leið	sést til	engin hætta	mikil hætta
3436_17	ÁR-621:002_01	Hvítárgötur fremri	gata	leið	sést til	engin hætta	mikil hætta
3436_18	ÁR-621:002_02	Hvítárgötur fremri	gata	leið	sést til	engin hætta	mikil hætta

Tafla 1: Skráðar fornleifar innan og utan skráningarsvæðisins.

sést til hennar í Hvítá. Alls voru skráðar 10 minjar sem tilheyra Seltættum/Mörk ÁR-076:40 þrátt fyrir að flestar séu utan svæðis, sunnan og suðvestan fyrirhugaðs vegstæðis. Túngarður [ÁR-076:040_09] er innan úttektasvæðisins og sést enn þar. Þar að auki voru nokkrar leiðir skráðar og mældar upp utan svæðis til að sýna leiðakerfið í hrauninu og eru þær merktar á minjakortið þrátt fyrir að hafa ekki verið í fornaleifaskránni, sjá kafla 4. Þær minjar sem skráðar voru utan svæðis eru ekki skilgreindar í hættu vegna framkvæmdanna.

Gert var sérstakt mat á þeirri hættu sem að þeim steðjaði vegna framkvæmdanna, svokallað tímabundið hættumat og töldust þær allar í stórhættu vegna þeirra. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kafla 4).

Þrátt fyrir að allar minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða af yfirborðsummerkjum hafi verið skráðar getur verið að áður óþekktar fornleifar komi í ljós við framkvæmdir. Ef sú staða kemur upp þá er það Minjastofnunar að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

6. Heimildir

Biskupasögur I-II. 1858, 1878. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

Brynjúlfur Jónsson. 1906. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1905. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-51.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.

IA IV: *Íslenskir annálar eða Islandske Annaler indtil 1578*. IV. bindi. 1888. Christiania: G. Storm.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II bindi. 1918-1921. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Jón Eiríksson. 2008. *Jarðabók Skeiðahrepps*. Reykjavík Ungmennafélag Skeiðahrepps.

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

PP: Hannes Þorsteinsson. 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Orri Vésteinsson. 2014. *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla II*. FS519-07172. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SB II: *Sunnlenskar byggðir*. 1981. II. bindi. Flóinn. Páll Lýðsson (ritstj.). Reykjavík: Búnaðarsamband Íslands.

SSÁ: Árnessýsla. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfmán Jónsson*. 1979. Svavar Sigmundsson (ritstj.). Reykjavík: Söguútgáfan.

Óprentaðar heimildir:

AM 263 fol. bl. 50. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Herforingjaráðskort 1908: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). (Blað 47 SV – Skálholt). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Túnakort 1918: Túnakort Hjálmholts. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Hjálmholt KÖ: Örnefnaskrá Hjálmholts. á.á. Kristinn Ögmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Ö-Hraungerðishreppur: Jón Árnason, Ólafur Ögmundsson, Guðmundur Guðleifsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Þorsteinsson, Anna J. Illugadóttir og Guðfinna Guðmundsdóttir. á.á. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

minja_id	Samtala	X	Y
3436_1	ÁR-076:014	417633	386059
3436_2	ÁR-076:037	418839	386895
3436_3	ÁR-076:040_1	418333	385237
3436_4	ÁR-076:040_2	418293	385236
3436_5	ÁR-076:040_3	418277	385235
3436_6	ÁR-076:040_4	418277	385257
3436_7	ÁR-076:040_5	418262	385256
3436_8	ÁR-076:040_6	418256	385256
3436_9	ÁR-076:040_7	418288	385228
3436_10	ÁR-076:040_8	418097	385290
3436_11	ÁR-076:040_9	418328	385328
3436_12	ÁR-076:040_10	418359	385246
3436_13	ÁR-076:061	418139	385443
3436_14	ÁR-076:063	418760	386436
3436_15	ÁR-076:064	417695	385944
3436_16	ÁR-076:065	417894	385881
3436_17	ÁR-621:002_01	418136	386115
3436_18	ÁR-621:002_02	416983	386141

Viðauki II: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

